

Fundargerð aðalfundar Foreldrafélags Grunnskóla Hornafjarðar

Haldinn í Vöruhúsinu fimmtudaginn 16. október 2025 kl. 17:00–18:00

1. Fundarsetning

Stjórnarformaður, Eik Aradóttir, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Alls mættu 16 foreldrar til fundar. Fundurinn var löglega boðaður og var því lögmætur til ákvarðana.

2. Kynning á starfi Þrykkjunnar

Erlendur Rafnkell Svansson (Elli) kynnti starf Þrykkjunnar og þá starfsemi sem þar fer fram. Hann greindi frá því að búið væri að lengja opnunartíma og auka starf sitt, svo nú sé opið sem hér segir:

Alla virka daga: kl. 14:10–16:00 5.–7. bekkur: þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:00–18:00 8.–10. bekkur: mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 19:30–22:00

Klúbbastarf er hafið á ný og mikill áhugi meðal nemenda. Til stendur að starfrækja m.a. söngklúbb, hönnunarklúbb, matarklúbb og fjölmiðlaklúbb.

3. Kynning skólastjóra

Þórdís Þórsdóttir, skólastjóri, flutti ávarp þar sem hún lagði áherslu á mikilvægi foreldrasamstarfs og hvatti foreldra til að virkja fleiri foreldra í kringum sig. Hún benti á að rannsóknir sýndu skýrt fram á mikilvægi virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi. Þórdís upplýsti jafnframt að heimasíða skólans væri í endurnýjun og að unnið væri að nýrri, uppfærðri útgáfu. Hún kynnti einnig verkefnið Heillaspor, sem hefur það að markmiði að efla líðan og velferð nemenda.

4. Kynning frá Lögreglunni

Guðbjörg Anna Bergsdóttir, fulltrúi lögreglunnar, flutti erindi um samfélagslögregluna og samstarf við skólann og foreldra.

5. Skýrsla stjórnar

Eik kynnti skýrslu stjórnar. Helstu verkefni á starfsárinu voru:

- Skipulagning og utanumhald á Hrekkjavöku 2024, og hafið skipulag vegna Hrekkjavöku 2025.
- Þátttaka í jólasamveru 2024 með Grunnskóla Hornafjarðar, þar sem félagið hélt utan um listasmiðju og fjármagnaði piparkökumálun.
- Virk þátttaka fulltrúa félagsins í Lýðheilsuráði, Fræðslu- og frístundanefnd og skólaráði.
- Í vor 2025 var haldið Litahlaup í samstarfi við Foreldrafélag leikskólans Sjónarhóls.

Skýrsla stjórnar var lögð fram til kynningar og samþykkt samhljóða.

6. Ársreikningur og árskýrsla

Ársreikningur og árskýrsla félagsins voru kynntar á fundinum og samþykktar samhljóða.

7. Kosningar

Eftirfarandi stjórnarmenn létu af störfum:

- Eik Aradóttir, stjórnarformaður (eftir 3 ára setu)
- Hólmfríður Bryndís Þrúðmarsdóttir, ritari (eftir 2 ára setu)

Fyrir voru í stjórn:

- Hanna Guðrún Kolbeinsdóttir, gjaldkeri
- Inga Rósa Ingvadóttir, meðstjórnandi
- Jóhann Bergur Kiesel, meðstjórnandi

Til setu í stjórn bauð sig fram Agnes Heiða Þorsteinsdóttir, sem var þar með kjörin.

Óskað er eftir einum stjórnarmanni til viðbótar til að fullmanna stjórnina.

8. Önnur mál

Kynnt var skipulag Hrekkjavöku 2025, þar sem félagið heldur áfram að sjá um utanumhald og skipulag í samstarfi við bekkjarfulltrúa og skólann. Engin önnur mál voru tekin fyrir.

9. Fundarlok

Fundarstjóri þakkaði góða þátttöku og lét fundi lokið kl. 18:00.

Fundarstjóri og ritari:

Eik Aradóttir

Fráfarandi stjórnarformaður